

Alþingi
Fjárlaganefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.

Ísafirði 22. október 2020

Umsögn, frumvarp til fjárlaga 2021, mál 1, 151. löggjafarþing.

Efnahagsþróun á Vestfjörðum, hefur síðustu áratugi ekki verið í takti við efnahagsþróun landsins í heild. Það er reynsla samfélaga á Vestfjörðum að toppar og lægðir í efnahag landsins, hafi þau áhrif að opinbert fjármagn m.a. til innviðauppbýggingar er ráðstafað í minna mæli til Vestfjarða í þessum sveiflum. Í uppsveiflu er fjármagni beint þangað þar sem efnahagsáhrifin eru talin hvað mest og eða dregið úr opinberum framkvæmdum. En í niðursveiflu er fjármagni beint þangað þar sem skaðinn er sem mestur. Langtímaáhrif fyrir Vestfirði verða því skerðing samkeppnisstöðu og hnignun, nægir þar að horfa til þróunar íbúafjölda og umfangi efnahags, frá því íbúar voru hvað flestir á Vestfjörðum um miðjan níunda áratug liðinnar aldar.

Það er því eindregið ákall til stjórnvalda að landshlutinn lendi nú ekki enn aftur í þeirri stöðu að dregið verði úr fjárfestingum á Vestfjörðum, sökum þess að vandi annarra sé til skamms tíma meiri. En einmitt nú, má færa margþætt rök fyrir því að því, að fjárfesting í innviðum á Vestfjörðum skapi strax ný atvinnutækifæri fyrir þjóðarbúið og dragi þannig úr samdrætti til skemmri og lengri tíma litið.

Nú þegar hefur þjóðarbúið orðið fyrir skaða, að hafa ekki sterkt atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum, sökum þess að innviðauppbýggingu á Vestfjörðum hefur verið frestað ítrekað. Viðhalda verður einnig getu landshlutans er varðar nýsköpun í atvinnulífi og samfélögum með stuðningi við Sóknaráætlun Vestfjarða, Byggðaáætlun og stefnu í ferðamálum og eins þarf að lýsa miklum áhyggjum af stöðu verkefna Nýsköpunarmiðstöðvar í kjölfar lokunar á starfsemi hennar.

Geta sveitarfélaganna að viðhalda þjónustustigi er grundvallarþáttur í efnahagsástandi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og þar er öflugur stuðningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lykilþáttur. Án þess stuðnings verða sveitarfélögin neydd til að fara í niðurskurð í rekstri þjónustustofnana með tilheyrandi fækkun starfa.

Skekkt samkeppnisstaða.

Samkeppnistaða landshlutans er skekkt vegna stöðu innviða þ.e. afhendingaröryggi raforku, vegakerfi, gagnaflytningar, fjarskipti, hafnir og flugvellir auk ofanflóðavarna. Áhrif þessa á daglegan rekstur atvinnulífs og samfélaga koma fram aukakostnaði við lengri tíma í flutningi afurða, sækja þjónustu, kaupa aðföng o.s.fr.. Áhrif þessa á að laða að ný verkefni til Vestfjarða er einnig hamlandi og eins er bein vöntun á afhendingu raforku að útiloka tækifæri. Staða innviða hefur á sama tíma mikil áhrif á búsetuskilyrði og er stór samverkandi þáttur í mikilli fækkun íbúa frá miðjum níunda áratug liðinnar aldar og haldið aftur af eðlilegri launþróun á svæðinu

Sjá má að bæta má samkeppnisstöðu Vestfjarða ef svigrúm er gefið fyrir ný atvinnutækifæri líkt og á sunnanverðum Vestfjörðum. Íbúum hefur fjölgað á ný en hinsvegar er langt er í land að það

svæðið hafi náð fullnægjandi styrk til geta talist sjálfbært m.a. þarf íbúum að fjölga þar verulega. Önnur svæði á Vestfjörðum hafa gefið eftir og sum hver eru komin í alvarlega stöðu miðað við íbúaþróun.

Tækifæri.

Á sama tíma, hefur samfélag og atvinnulíf landshlutans með seiglu, náð að skapa ný atvinnutækifæri á grundvelli nýsköpunar; í fiskeldi, vinnslu aukaafurða úr sjávarútvegi, framleiðslutækni, þjónustu m.a. við ferðamenn og menntastarfsemi. Fjárfesting hefur verið mikil og laða hér að auðlindir og þekking á nýtingu auðlinda svæðisins. Þannig að, þrátt fyrir stöðu innviða er verið að ná árangri og undirliggjandi eru fleiri tækifæri í nýfjárfestingu, en ekki síður er tækifæri í að ná auknu hagræði strax, ef bætt er úr stöðu innviða hratt og örugglega.

Vara verður hinsvegar við langlundargeði nýrra aðila, sem hafið hafa atvinnurekstur á Vestfjörðum, gagnvart stöðu innviða. Verði verkefnum enn og aftur frestað, þá má telja hættu á því að þeir breyti sínum áætlunum og minna verði úr fjárfestingum innan landshlutans en ætlað er í dag og tækifæri glatist við að snúa byggðþróun við.

f.h. Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðþróunar

Greinargerð.

Vestfjarðastofa¹ leggur áherslu á að meginviðfangsefni fjárlaga 2021 er varðar hagsmuni samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum eigi að beinast að því styrkja að samkeppnishæfni innviða og samkeppnishæfni sveitarfélaganna. Hér verður nánar farið yfir einstaka málaflokka og að hluta nær umfjöllunin einnig til næstu ára og kemur því inn á atriði er varða þingsályktun um fjármálaáætlun 2021-2025 (mál 2, 151. löggjafarþing).

Samkeppnishæfni innviða.

Flutningsmál raforku. Tillögur frumvarpsins um uppbyggingu dreifkerfi raforku (bls 221) eru jákvæð því að veita stuðning til dreifveitna Orkubús Vestfjarða og Rarik, en með þeim fæst aukið afhendingaröryggi en um leið tækifæri til uppbyggingar atvinnutækifæra í dreifbýli. Hluti af tillögum átakshóps stjórnvalda um uppbyggingu innviða í kjölfar óveðurs í desember 2019, koma hér einnig til framkvæmda.

Undirstaða þessa dreifkerfis er síðan uppbygging flutningskerfis raforku 66 Kv eða hærra. Þar hefur Landsnet lagt fram viðamikla fjárfestingaráætlun í Kerfisáætlun m.a. á grundvelli tillagna átakshóps stjórnvalda um uppbyggingu innviða í kjölfar óveðurs í desember 2019.

Kerfisáætlun er ekki með beinum hætti hluti af fjárlagagerð, en þær fjárfestingar sem þar eru lagðar til hafa viðtæka áhrif á efnahag landsins. Skammtímaáhrif á framkvæmdatíma og langtímaáhrif með stórbættu flutningskerfi á milli landshluta og er grundvöllur fyrir þróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Vegamál.

Frumvarpið tryggir fjármögnun framkvæmda samkvæmt samgönguáætlun 2020-2024 s.s. á Vestfjarðavegi 60, Gufudalssveit og Dynjandisheiði og eru í takti við að langþráða opnun Dýrafjarðargangna nú í október á þessu ári.

Hinsvegar komu fá verkefni á Vestfjörðum á grundvelli sértæks fjármagns vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og engin verkefni falla undir samvinnuverkefni ríkis og fjárfesta. Vestfjarðastofa gerir kröfu um að fjármagn verði aukið inn á Vestfirði og þannig gætt jafnræðis í veitingu sértækra fjármuna til að mæta efnahagserfiðleikum á tímum heimsfaraldurs kórónuveiru.

Áréttað er að það hafa verið ítrekaðra seinkanir á framkvæmdum á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit og Dynjandisheiði og á Innstrandsvegi og Veðileysuhálsi. Hér eru kjörin verkefni í fjárfestingarátaki stjórnvalda til að mæta efnahagssamdrætti vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

¹ Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur með samstarfssamningi falið Vestfjarðastofu að sinna verkefnum fyrir þess hönd.

Jafnt til að skapa störf til skemmri tíma lítið en um leið að ná mun fyrr inn þjóðhagslegum ávinningi af opnun Dýrarfjarðargangna samhliða endurnýjun Vestfjarðavegar 60 og Bíldudalsvegar.

Horft til fortíðar, þá er í raun erfitt til þess að hugsa til þess hve biðstaðan með verkefni í Gufudalssveit hafa í raun bundið framkvæmdafjármagn um langa hríð. Hátt í áratug hefur því fallið niður fjármagn sem eyrnamerkt var landshlutanum en var ekki hægt að nýta til annarra verkefna. Væri rannsóknarefni að kanna hvort þessir fjármunir hafi verið nýttir annarsstaðar í verkefni eða til að rétta af framúrkeyrslu í nýframkvæmdum í öðrum hlutum landsins.

Rekstur vegakerfisins með öflugri vegþjónustu er síðan grundvöllur fyrir flæði vinnuafls, afurða og þjónustu innan Vestfjarða og til og frá Vestfjörðum. Fjármögnun þessa liðar verður vera hægt að stýra í takti veðurlag hverju sinni en ekki eftir fyrir fram gefnum forsendum. Vegagerðin hefur nú boðað skerðingu á vetrarþjónustu s.s. á Ströndum vegna reiknaðs halla á vegþjónustu á þessu ári og því síðasta. Vestfjarðastofa gerir því kröfu um að reiknaður halli á vegþjónustu sé leiðréttur í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021 og þjónusta Vegagerðar bætt.

Hafnarmál

Enn er glímt við áratuga uppsafnað viðhald hafna á Vestfjörðum með 40 til 60 ára gömul stálþil og varnargarða sem þurfa reglulegt viðhald. Hér er um að ræða lífæðar samfélaganna og grundvöllur minni og stærri útgerðastaða s.s. í Bolungarvík. Ný verkefni hafa síðan komið til á síðustu árum í tengslum við fiskeldi og móttöku skemmtiferðaskipa. Öll verkefni eru brýn og er þeim að hluta sinnt í frumvarpinu varðandi uppbygginu á Bíldudalshafnar, en aðrar hafnir ná ekki að sækja fram ef fjármagn er ekki aukið í Hafnarbótasjóð.

Gagnaflutningar og fjarskipti

Frumvarpið gerir ráð fyrir fjármögnun verkefna innan Ísland ljóstengt og til skoðunar er áframhald á því verkefni er varðar háhraðanetstengingar í þéttbýli, er þetta vel gert og fyrirmynd hvernig taka má á málum.

Ítrekaðar eru áhyggjur í umsögnum um fjárlög síðustu ára, af stöðu svokallað NATO ljósleiðara, en rúm 30 ár eru frá því hann var lagður og hefja þarf endurnýjun hans. Nú þegar er komið í ljós að gæði þessa ljósleiðara uppfylla ekki gæðakröfur fjarskiptafyrirtækja í dag og hefur það m.a. hindrað tengingu lögbýla sem eiga rétt á tengingu með verkefninu Ísland ljóstengt. Ljósleiðarinn er einnig hluti af hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði og er hér undirliggjandi öryggisþáttur, sem talið var að komist hefði í veg, fyrir með lagningu nýs ljósleiðara frá Stað í Hrútafirði til Súðavíkur.

Dekkun símakerfa á þjóðvegum á Vestfjörðum er ekki ásættanleg og skapar óöryggi fyrir vegfarendur sem aka þessa vegi daglega vegna vinnu, skóla eða þjónustu. Ekki síður fyrir þá vegfarendur sem fara sjaldan um þessa vegi eftir að hafa ekið um aðra hluta landsins þar sem dekkun er fullnægjandi. Þessi staða er komin upp í taudrætti fjarskiptafélaga og stjórnvalda um hver eigi að bera hér kostnað af, veghaldari eða fjarskiptafélög. En hvorugur aðilinn ber ábyrgð þegar slys verða. Þetta þarf að laga án frekari fyrirvara.

Flug.

Vestfjarðastofa lýsir miklum áhyggjum af áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á innanlandsflug til lengri tíma litið. Gerð er krafa á stjórnvöld að horfa til innanlandsflugs sem lykilþáttar fyrir þróun samfélaga og atvinnulífs og ekki verði dregið úr framlögum vegna stöðu dagsins í dag. Ítrekuð er krafa vestfirskra sveitarfélaga um hækkun á framlögum til innanlandsflugs og auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllunum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði og til flugleiðsagnar. Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Því er fagnað verkefninu Loftbrúin sem tók gildi á þessu ári og er tillaga um í fjárlagafrumvarpi 2021.

Almenningssamgöngur

Í samgönguáætlun 2020-2035 var lögð fram stefna um almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðis „Ferðumst saman“. Vestfjarðastofa lýsir áhyggjum af innleiðing þessara stefnu muni ekki ná fram að ganga, þar sem framlög til málaflokksins samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun verða lækkuð á næstu árum. Virðist sem ríkið ætli að velta þessum málaflokki hægt og rólega yfir á sveitarfélögin, þvert á stefnumörkun sem Alþingi hefur samþykkt.

Tekið skal fram að hér er ekki átt við verkefni A-10 innan Byggðaáætlunar, þar er unnið að sértækum úrlausnarefnum með mjög takmörkuðu fjármagni.

Samkeppnishæfni samfélaga

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru árið 2019 frá 18-44% af heildartekjum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Mikilvægi þessara framlaga fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum er óumdeild og stuðlar að jafnræði í þjónustu við íbúa þessa lands án tillits til búsetu.

	Samtals skerðing 2020	Upphafleg áætlun um framlög jöfnunarsjóðs 2020	Framlög 2020 m.v. skerðingu	% skerðing m.v. áætlanir	Framlög jöfnunarsjóðs 2019
Ísafjarðarbær	(145,902,366)	929,353,000	783,450,634	-15.70%	987,059,000
Bolungarvíkurkaupstaður	(34,110,863)	279,537,000	245,426,137	-12.20%	303,942,000
Súðavíkurhreppur *	11,462,605	101,359,000	112,821,605	11.31%	141,218,000
Vesturbyggð	(182,569,194)	376,664,000	194,094,806	-48.47%	371,892,000
Tálknafjarðarhreppur	(428,133)	101,359,000	100,930,867	-0.42%	104,432,000
Reykhólahreppur	(39,372,784)	228,422,000	189,049,216	-17.24%	193,030,000
Strandabyggð	(74,201,320)	244,200,000	169,998,680	-30.39%	203,630,000
Kaldrananeshreppur	(11,531,232)	30,000,000	18,468,768	-38.44%	32,786,000
Árneshreppur	(4,066,356)	8,688,000	4,621,644	-46.80%	10,542,000
Samtals	(480,719,643)	2,299,582,000	1,818,862,357	-20.90%	2,348,531,000

Tafla 1, áhrifskerðingar á framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á sveitarfélög á Vestfjörðum.

Upphaflegar áætlanir sveitarfélaganna á Vestfjörðum fyrir árið 2020 gerðu ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs næmu tæpum 2,3 milljörðum króna. Boðað var þann 1. júní s.l. að framlög lækki

um tæpar 500 milljónir. Áhrif á sveitarfélög eru mismunandi en skerðing nemur allt að 48% í Vesturbyggð, 46% í Árneshreppi og 30% í Strandabyggð miðað við 1. júní 2020. Nýjar áætlanir Jöfnunarsjóðs hafa í litlu breytt fyrir almennan rekstur.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa undanfarin ár sýnt ráðdeild í rekstri, með aðhaldsaðgerðum og lækkun skulda. En þessi rekstrarhagræðing er nú að engu orðin og ljóst að sveitarfélögin munu verða rekin með miklum halla á árinu 2020 og 2021. Halli sem myndast bæði vegna skerðinga Jöfnunarsjóðs og lækkunar annarra tekna, en auk þess sem fyrirsjáanleg eru aukin útgjöld m.a. í velferðarþjónustu vegna viðbragða við Covid-19.

Samgöngu og sveitarstjórnarráðherra hefur boðað sértækar aðgerðir er varða stuðning við mikilvæga málaflokka sveitarfélaga s.s. málefni fatlaðra og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og tillögur þess efnis koma síðar fram til umfjöllunar á Alþingi.

Þessar aðgerðir nægja ekki til að laga almennan rekstur sveitarfélaganna. Það verður að viðhalda hlutverki Jöfnunarsjóðs er varðar aðra málaflokka sveitarfélaga og tryggja að framlög sjóðsins til sveitarfélaganna skerðist ekki. Standa þarf vörð um lögbundin verkefni sveitarfélaga þannig að þau geti þrátt fyrir mikið tekjutap sinnt sínum verkefnum. Skerðing í rekstri getur einnig leitt til þess að sveitarfélögin að verði ekki í stakk búinn, að hefja kröftugt endurreisnarstarf þegar farsóttin Covid-19 hefur gengið yfir. Hér má einnig nefna að aukinn stuðningur við verkefnið Brothættar byggðir á árinu 2020, nýttist mjög vel í þeim byggðarlögum sem eru innan þess og rík ástæða að viðhalda þeim framlögum í stað þess að lækka þau að nýju.

Gangi tillögur Jöfnunarsjóðs að óbreyttu í gegn og framlög til sveitarfélaga á Vestfjörðum lækki sem þeim tillögum nemur, þá eru sveitarfélögin neydd til að ganga hart fram í skerðingu á rekstri þjónustustofnana sem ekki eru lögbundnar m.a. með uppsögnum á starfsfólki og auk annarrar þjónustu. Er það þvert á fyrirætlan ríkisins að vernda störf og tryggja þjónustu hins opinbera.

Það er tvíeggjað sverð að laga rekstur ríkisins á kostnað sveitarfélaganna því það er í raun frestun á því að taka sameiginlega á rekstri málaflokka. Lögum samkvæmt þarf ríkið að ganga inn í stjórn sveitarfélaga sem lenda í fjárhagserfiðleikum og koma að fjármögnun þjónustu við íbúa.

Nýsköpun.

Þrengingar vegna efnahagskreppu heimsfaraldurs kórónuveiru mun kalla á nýjar lausnir og nýjar hugmyndir en samtímis er 4. iðnbyltingin hafinn. Samanlagt kalla þessi þættir á nýsköpun á öllum sviðum atvinnulífs og samfélaga.

Stjórnvöld hafa brugðist hér við og tillögur eru í fjárlagfrumvarpi um stóraukin framlög til nýsköpunar með ýmsum aðgerðum. Að mati Vestfjarðastofu eru þær tillögur í meira mæli mótaðar til að mæta aðstæðum í hagkerfi höfuðborgarsvæðis, þar sem drifkraftar eru þekkingariðnaður og þjónusta en í öðrum landshlutunum er hagkerfið hlutfallslega meira framleiðsludrifið.

Vestfjarðastofa telur að hver og einn landshluti þurfi að geta tekið mið af drifkröftum landshlutans og þróun í nýsköpun taki mið af atvinnulífi og samfélögum sem þar eru til staðar.

Sóknaráætlanir landshluta og Byggðaáætlun hafa varið verulegu fjármagni til nýsköpunar í vali á verkefnum og úthlutum styrkja. Því skýtur mjög skökku við að þessar áætlanir, eru ekki eflidar heldur haldið innan fjárhagsramma sem þýðir í raun lækkun framlaga á milli ára miðað við kröfu um almenna rekstrarhagræðingu. Þessu vill Vestfjarðastofa mótmæla harðlega og krefst þess að framlög til nýsköpunar til Sóknaráætlana og Byggðaáætlunar verði augin líkt og framlög til nýsköpunarsjóða (Rannsóknarsjóður, Innviðasjóður, Tækniþróunarsjóður).

Vestfjarðastofa lýsir í þessu samhengi áhyggjum yfir framkvæmd á lokun Nýsköpunarmiðstöðvar um komandi áramót og þeirri óvissa sem er uppi við um stöðu verkefna og skiptingu fjármagns á höfuðborgarsvæði og aðra landshluta.

Vestfjarðastofa lýsir einnig áhyggjum af stöðu Markaðsstofu landshluta en samningar við Ferðamálastofu renna út í lok árs 2020. Fram eru komnar tillögur í fjárlagafrumvarpi um Áfangastofur en engar tillögur eru upphæðir til þessa mikilvæga þáttar, í markaðssetningu og þróun nýrrar afurða í ferðaþjónustu einstakra landshluta. Er það úr takti við áherslur stjórnvalda um þróun ferðaþjónustunnar og skorar Vestfjarðastofa á fjárlaganefnd að tryggja hér fjármagn.

Menning

Menningarstarfsemi hefur farið mjög halloka á Vestfjörðum í heimsfaraldri kórónuveiru líkt og í öðrum hlutum landsins. Stjórnvöld hafa boðað aðgerðir til að koma á mótis við starfandi listamenn og ætti jafnræðis að vera gætt í því yfir allt landið. Menningarstofnanir á Vestfjörðum standa hinsvegar frammi fyrir miklum vanda, nær algjört tap í innkomu vegna samkomubanns og útlit fyrir að framlög sveitarfélaga til menningarmála verði verulega skert vegna erfiðleika í rekstri sveitarfélaganna.

Sóknaráætlun Vestfjarða og þar á undan Menningarráð Vestfjarða hafa allt frá árinu 2011 á grundvelli umsókna, veitt stofn og rekstrarstyrki til starfsemi nokkurra menningarstofnana á Vestfjörðum, alls um 15-18 mkr á ári. Styrkir þessir voru áður veittir af Mennta og menningarmálaráðuneyti, en við breytingu á sjóðakerfi þá ákvað ráðuneytið að færa þennan lið til landshlutanna. Höfðu þá framlög verið skorin verulega niður í kjölfar fjármálakreppunnar 2008.

Sóknaráætlun Vestfjarða getur ekki komið á mótis við þann vanda sem heimsfaraldur kórónuveiru mun valda menningarstofnunum, nema með auknum framlögum. Ekki kemur til álita að skerða aðra þætti sóknaráætlunar þ.e. veitingu styrkja á grundvelli umsókna, til menningarverkefna og verkefna til nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Hér að framan hefur farið yfir hlut Sóknaráætlunar Vestfjarða er varðar eflingu nýsköpunar og mótmæli við tillögu um skerðingu framlaga. Hlutur menningarverkefna og stofn og rekstrarstyrkja menningarstofnana hefur verið til jafns við nýsköpun í veitingu styrkja. Það er því eindregin krafa um að fjármagn verði aukið til Sóknaráætlunar Vestfjarða til að koma á mótis við menningarstarf á Vestfjörðum á tímum heimsfaraldurs kórónuveiru.